

## Töfrar Torfajökuls - hverir, laugar og líparítfjöll

7. - 9. ágúst 2010 uppbókað!



**Aukafærð 13.-15. ágúst.**

Bókanir í síma 864 0412 (9-17) og 561 4012 (kl. 9-14) eða með tölvupósti til info@halendisferdir.is

Upplýsingar hjá [www.halendisferdir.is](http://www.halendisferdir.is)

Jarðfræðiferð um eitt mesta háhitasvæði í heimi í fylgd með Sigmundi Einarssyni og Kristjáni Jónassyni í samvinnu við Landvernd.

Ferðalag um stórbrotið landslag hvera, lauga og líparítfjalla. Háhitasvæði sem er einstakt í heiminum og er mesta líparitsvæði landsins. Torfajökulsþæðið er eitt þekktasta útivistarsvæði landsins en svæðin sem við skoðum eru utan „Laugavegar“ og því furðu lítt þekkt. Við kynnumst landi sem er í hættu vegna virkjanaáætla. Við skoðum; Austur - og Vestur - Reykjadalí, Hrafntinnusker, Háskerðing. Gist í skála í Dalakofa í Vestur-Reykjadöllum í 2 nætur. Allur matur innifalinn.

### 1. dagur: Reykjavík–Rauðufossar–Vestur-Reykjadalar



Hópurinn hittist á BSÍ kl. 9.00 með nesti og góða skó. Ekið sem leið liggur austur yfir Hellisheiði, upp Landsveit og inn á Dómadalsleið. Gangan hefst við Rauðfossara, gengið upp Pokahryggi en þaðan er gott útsýni yfir háhitasvæðið við Hrafntinnusker og Hrafntinnuhraun þar sem Markarfljót á upptök sín. Gengið með Svartakambi niður í Vestur-Reykjadali en þar eru bullandi leirhverir. Möguleiki að skella sér í fjallabað í einum slíkum. Gist í skála Útvistar „Dalakofa“ næstu tvær nætur.

### 2. dagur: Hrafntinnusker-Jónsvarða-Austur-Reykjadalar



Skammt handan við Markarfljót verður litið á gígana sem mynduðu Hrafntinnuhraun árið 871. Gosið hófst með miklu sprengigosi sem þeytti upp ljósum vikri og ösku. Askan barst víða og er nú þekkt sem „landnámslagið“ í jarðvegi. Ekið verður eftir vegslóð í átt að að íshellinum við Hrafntinnusker. Gengið verður á Hrafntinnusker til að fá gott yfirlit yfir hin litskrúðugu gil Ljósár. Þaðan verður haldið að Jónsvörðu og gufuhvernum Hvínanda sem er talinn aflmesti hver landsins um þessar mundir. Frá Jónsvörðu verður haldið í norðaustur eftir hverasvæðinu nærrí upptakakvíslum Markarfljóts. Hér er stærsta samfelda hverasvæðið við Torfajökul og væntanlega einnig það aflmesta. Hér eru leirhverir, leirugir vatnshverir, gufuhverir og soðpönnur af öllum stærðum og gerðum. Árið 2007 var virkur goshver á svæðinu sem sullaði upp í 4 m.

### 3. dagur: Reykjafjöll-Reykjavík



Ekið á jeppum frá Dalakofa aftur upp á hraunið frá Hrafntinnuskeri. Á leiðinni verður litið á sprengigíga í hverasvæðinu í hrauninu og farið um svæði með ósnortinni hrafntinnu á yfirborði. Gengið verður á Reykjafjöll en þaðan er mikið og gott útsýni til austurs. Við blasir austasti hluti Torfajökulsóskjunnar með Torfajökli og upptakasvæðum Jökulgilskvíslar. Svæðið er mjög gilskorið og litskrúðugt. Mikið hverasvæði er þar sem heita Háu-hverir austan undir Reykjafjöllum og einnig í Kaldaklofi sem og við rætur Torfajökuls. Af Reykjafjöllum er einnig ágætt úrsýni til vestur yfir gil Ljósár. Undistöður Hrafntinnuskers sjást einnig ágætlega. Til baka verður gengið norðan við Söðul og horft til Stórahvers og skoðaðar brennisteinsþúfur á leið í bílana.

**Leiðsögn:** jarðfræðingarnir Sigmundur Einarsson/Kristján Jónasson

**Fararstjórn:** Ósk Vilhjálmsdóttir

**Akstur:** Viktor Melsted

**Matseld:** Kristín Pálsdóttir

**Verð:** 36.000.-

Innifalin er fararstjórn, trúss, akstur, skálagisting, fullt fæði. Fjöldi í ferð er 14-24

**Búnaður:** gönguskór\*, bakpoki (ca 40 L), svefnþoki, koddaver, vatnsflaska, hitabréusi, nestisbox.

**Fatnaður:** vatnsheldur hlífðarfatnaður, undirföt (úr ull, silki eða gerviefni), lopapeysa eða þykk flíspeysa, vettlingar, húfa, 2 pör ullarsokkar (eða gerviefni), sundföt.

\* Gengið er um jarðhitasvæði og því mikilvægt að vera sérlega vel skóðaður.